

6. gr.

25

25. febr.

Umdæmisbókstafi og umdæmistölur hvers skips skal setja á skipsbáta, dufl og helztu veiðigögn þau, er skipinu fylgja. Bókstafir þessir og tölur þurfa ekki að vera stærri en svo, að auðvelt sé að greina hvert frá öðru. Eigendur veiðitækja mega auk þess merkja þau með öðrum sérstökum merkjum, er þeim þykja henta.

7. gr.

Sú skylda hvílir á eiganda skips að halda vel við öllum áðurgreindum bókstöfum, tölum og öðrum merkjum, er skipi ber að hafa og sett hafa verið á það.

8. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum samkv. 25. gr. laga nr. 17/1948. Þá varðar það og sektum samkv. 3. gr. laga nr. 31/1925, ef fiskiskip kemur í íslenska landhelgi án þess að vera merkt á þann hátt, er í reglum þessum greinir.

9. gr.

Reglur þessar eru settar samkv. 27. gr. laga nr. 17 frá 8. marz 1948, um skráningu skipa, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1954.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

26

8. marz

um breyting á reglugerð nr. 127 26. júní 1953, um verkun og mat á saltfiski til útflutnings.

1. gr.

Aftan við 16. gr. reglugerðarinnar komi svo hljóðandi viðauki:

Yfirfiskmatsmenn skulu framkvæma yfirmat á öllum óverkuðum og hálfþurrum saltfiski, sem ætlaður er til útflutnings, svo og þeim saltfiski, sem verkaður er fyrir Spánarmarkað. Yfirmat þetta skal framkvæmt þannig, að tekin eru sýnishorn af fiskinum metnum og pökkuðum eins og undirmatsmenn hafa gengið frá honum hjá hverjum fiskeiganda. Yfirfiskmatsmaður skal meta sýnishornin og prófa vigt þeirra nákvæmlega og gera um það skýrslu í því formi, er fiskmatsstjóri ákveður. Skýrslur um mat sýnishornanna skulu yfirfiskmatsmenn senda fiskmatsstjóra, en hann afhendir útflytjanda eitt eintak af skýrslum þessum. Skýrslurnar skulu hafa borizt fiskmatsstjóra áður en skip það, er farminn tekur, leggur frá landi. Lágmark sýnishorna skal vera með hliðsjón af fiskmagni, sem hér segir:

Af 100 pk. og minna	skulu metnir 3 pk.
— 100—500 pk.	— — 5 —
— 500—1000 pk.	— — 7 —
— 1000—2000 pk.	— — 10 —
— 2000 pk. og þar yfir	— — 15 —

Ef yfirfiskmatsmaður getur ekki komið því við að framkvæma sjálfur yfirmatið, getur hann falið það starf sérstökum trúnaðarmanni sínum, sem jafnframt er löggiltur fiskmatsmaður.

26 Að loknu þessu yfirmati tekur yfirfiskmatsmaður ákvörðun um, hvort þörf
8. marz sé á frekari athugun og mati á fiskinum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 8. marz 1954.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

27

10. marz

AUGLÝSING

um innflutning nokkurra vörutegunda á skilorðsbundnum frílista.

Ráðuneytið vekur hér með athygli á því, að með reglugerð nr. 15 11. febr. 1954, var gerð sú breyting, að eftirgreindar vörur, sem áður mátti flytja inn frá öllum löndum, má nú **aðeins** flytja inn frá jafnvirðiskaupalöndum (Austur-Þýzkaland, Finnland, Ísrael, Pólland, Sovétríkin, Spánn, Tékkóslóvakía og Ungverjaland):

Tollskrá:		Vörutegund.
Kafli.	Nr.	
48	9, 11	Gólfábreiður, gólfmottur og gólfðreglar úr baðmull.
49	12, 13, 15	Gólfábreiður, gólfmottur og gólfðreglar úr hör, hampi eða öðrum jurtaþunaefnum, ót. a.
51	3, 9, 15, 21, 27	Ytri fatnaður þrjónaður úr silki, gerviefnum, ull, baðmull og öðrum þunaefnum.
Úr 52	5, 7, 9, 11, 13	Jakkar og úlpur (skjólfatnaður úr vindþéttu efni og/eða skinnfóðraðar) úr alls konar þunaefnum.

Ofangreindar vörur skal heimilt að flytja inn frá öllum löndum, ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. Vörurnar eru fluttar inn samkvæmt B-skírteinum, sem gefin voru út fyrir birtingu ofangreindrar reglugerðar, 17. febr. 1954.
2. Vörurnar hafi verið pantaðar fyrir þann tíma.
3. Vörurnar verði tollafgreiddar eigi síðar en 1. júlí n. k.

Viðskiptamálaráðuneytið, 10. marz 1954.

Ingólfur Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.